

**Nr. 126 / 09 Lundey NS 14*****Skipverji slasast vegna efna***

Skipaskr.nr. 0155  
Smíðaður: Rendsburg Þýskalandi 1960, Stál  
Stærð: 836 brl. 1423,9 bt.  
Mesta lengd: 68,89 m Skráð lengd: 62,96 m  
Breidd: 10,4 m Dýpt: 7,94 m  
Vél: Wärtsilä 4920 kW 1999  
Fjöldi skipverja: 13



Lundey©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. október 2009 var Lundey NS 14 við bryggju í Reykjavík.

Skipverji var að vinna við þrif í lest skipsins með því að sápuvæða með háþrýstidælu. Tengi losnaði frá sápujektivum að byssunni og sprautaðist þá sápublandan í augu hans. Augun voru strax skoluð og því haldið áfram þar til komið var með hann á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að byssan var búin sápufroðustút. Út úr kvoðustútum kemur kvoðan með minnkuðum þrýstingi en fullur þrýstingur 140 til 160 bar var á lögninni frá dælu í byssuna. Jektorinn sagnar sápu á vatnið og tenging á þessari lögn losnaði í sundur;
- að lögnin er kónatengd og þarf að herða málmró með skrúflykli. Slasaði sagðist ekki hafa tengt þetta en búnaðurinn hafi verið notaður til að hreinsa fleiri lestar. Hann sagðist ekki hafa orðið var við að tengingin hafi ekki verið fyllilega hert saman og leki hefði ekki gefið það til kynna;
- að slasaði var ekki með hlífðargleraugu né andlitshlíf en að sögn skipstjóra eru hlífðargleraugu til í skipinu og gert ráð fyrir að þau séu notuð. En þar sem þrýstingur úr kvoðustútum er fremur lítill freistast menn við að taka þau af sér þegar móða byrgir sýn. Slasaði taldi að gleraugu hefði ekki komið í veg fyrir að sápan færi í augu hans því hún hefði sprautast upp með andlitinu;

- að sápulögurinn var af gerðinni „TK-Actigel“ með sýrustigi 14 Ph. Þess er getið á umbúðum að hann sé mjög ætandi og nota eigi hlífðargleraugu eða andlitshlíf og hanska þegar verið er að vinna með efnið.

***Nefndarálit:***

Nefndin telur orsök slyssins vera að tenging undir fullum þrýstingi fór í sundur og slasaði notaði ekki hlífðargleraugu.

Nefndin vill beina því til skipstjórnenda að setja verklagsreglur um hlífðarbúnað skipverja þegar þeir nota hættuleg efni.